

**Mál nr. 108/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging.**

**Gildissvið váttryggingar. Bótafjárhæð. Samþykktir nefndarinnar.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 8. apríl 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 27. maí 2022, ásamt grunnmynd húseignar.
3. Bréf M, ódagsett, ásamt fylgiskjölum.
4. Tölvupóstur V, dags. 7. júní 2022.

**Málsatvik.**

M lýsir atvikum þannig að vatn hafi lekið úr uppþvottavél í húseign hans hinn 4. október 2021. Vatn hafi lekið á bak við eldhúsinnréttingu, undir spónaplötuklædda útveggi og undir parket. M kveðst hafa tilkynnt tjón til V og félagið hafi sent verktaka á tjónsdegi til að gera ráðstafanir til tjónstakmörkunar og einhverra lagfæringa. Eftir það hafi atvik þróast þannig að umræddur verktaki hafi unnið að hluta viðgerða vegna tjónsins en að öðru leyti hafi V boðið M greiðslu í samræmi við það tjónsmat sem starfsmenn V hafi framkvæmt. Af gögnum málsins verður ráðið að tölvupóstsamskipti hafi verið nokkur milli M og starfsmanna V eftir tjónið, fram til 10. mars 2022, þegar starfsmaður V upplýsir um að greiddar verði bætur skv. tjónsmati V og komi það ekki í veg fyrir að M krefjist frekari bóta eða leiti til úrskurðarnefndar.

M er ósáttur við afgreiðslu V vegna málsins og að meginstefnu til verður sá ágreiningur rakinn til þess að V var ekki tilbúið til að hlutast til um viðgerð á öllu tjóni M, sérstaklega ekki því sem lýtur að ætluðum skemmdum á parketi, kostnaði við slípun þess og fyrirkomulega tjónagreiðslna. M telur að tjónsuppgjör eigi að miða við endurnýjun eða slípun á öllu parketi, auk þess hluta sem skipta þurfi út til að ná sama útliti á allan þann flöt sem sé með sams konar parketi og án þröskulda.

V hefur hafnað því að greiða eigi frekari bætur til M og vísar annars vegar til 31. gr. váttryggingarskilmála þar sem komi fram að við greiðslu tjóns á parketi sem sé eldra en 5 ára hafi félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5 ár, en að sá frádráttur geti aldrei orðið meiri en 70% í heildina. Í sömu grein segi einnig að það séu ekki greiddar bætur nema fyrir gólfefni í því rými sem tjón verður. Um sé að ræða hlutlæga ábyrgðartakmörkun sem þýði að V sé einungis skylt að bæta tjón á gólfefni í eldhúsi en ekki annars staðar í húseign M. Einnig vísar V til þess að félaginu sé ekki skylt að hlutast til um viðgerðir og vísar þar til 30. gr. almennra skilmála sem gildi einnig um fasteignatryggingu V. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 27. maí sl. kemur einnig fram að félagið telji að ágreiningur um greiðslu bóta til M snúist aðallega um bótafjárhæðir og félagið hafi ekki gefið samþykki fyrir því að um slíkan ágreining sé fjallað hjá nefndinni.

**Álit.**

Í gögnum málsins má sjá að ágreiningur milli M og V snýr að greiðslu bóta vegna vatnstjóns í húseign hans, fyrst og fremst lýtur sá ágreiningur að fjárhæð bóta vegna tjóns á gólfefni og bótum vegna flutnings húsgagna og annars samverustaðar fjölskyldu M á meðan gert er við gólfefni. Þó ákvörðun um bótafjárhæð til M geti að hluta tekið mið af gildissviði 31. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar V, verður ekki hjá því litið að það hvernig því ákvæði er beitt leiðir til niðurstöðu um bótafjárhæð og verður ágreiningur milli M og V því ekki túlkadur öðruvísi en að hann snúist um bótafjárhæð.

Ágreiningur um bótafjárhæðir getur komið til úrskurðar úrskurðarnefndar í váttryggingamálum skv. 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykktar fyrir nefndina, án samþykkis váttryggingafélags, ef fjárhæð ágreiningsins nær að lágmarki 25.000 króna upp að hámarki fimm milljóna króna. Það má ætla að sú fjárhæð sem þarf til að bæta tjón M sé innan þeirra marka. Áður gerði 3. gr. eldri samþykktar fyrir nefndina ráð fyrir því að allir aðilar þyrftu að samþykkja að nefndin fjallaði um ágreining um bótafjárhæðir.

Hér þarf því að taka afstöðu til þess hvort nýjar samþykktir fyrir nefndina gera ráð fyrir því að M sem neytandi geti lagt ágreining um bótafjárhæð fyrir nefndina skv. áðurnefndri 3. mgr. 3. gr. þeirra. Í 22.

gr. sömu samþykktar segir: „Samþykkir þessar taka gildi þann 1. janúar 2022. Þær gilda um ágreiningsmál sem varða fjárhæðir vegna váttryggingaratburða sem gerast 1. janúar 2022 og síðar, sbr. nánari tilgreiningu um starfssvið nefndarinnar og fjárhæðamörk í 3. gr.“ Þetta ákvæði í samþykktunum er skýrt og váttryggingaratburður sá sem leiddi til ágreinings M og V átti sér stað 4. október 2021. Það þýðir að 3. mgr. 3. gr. núgildandi samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum nær ekki til ágreinings um bótafjárhæðir sem þeim váttryggingaratburði tengist.

Nefndin gæti fjallað um ágreining sem allir málsaðilar samþykkja að hún geri, sbr. ákvæði eldri samþykktar. Slíkt samþykki liggur hins vegar ekki fyrir, sbr. bréf V til nefndarinnar, dags. 27. maí 2022.

Verður að gera athugasemd við það hvernig V upplýsti M um möguleika hans til að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd í tölvupósti starfsmanns félagsins dags. 10. mars 2022 í ljósi þess að félagið hafði ekki tekið ákvörðun um að samþykkja að slíkur ágreiningur færi fyrir nefndina. Tilvísun til nefndarinnar var því í þeim tölvupósti haldlaus og villandi fyrir M. Verður þó ekki litið svo á að sú tilvísun víki til hliðar eindreginni afstöðu V um að nefndin geti ekki fjallað um bótafjárhæðir í þessu máli, sbr. áður nefnt bréf dags. 27. maí 2022. Þess ber einnig að geta að starfsmaður V, sem skrifar umrætt bréf til nefndarinnar, kemur ekki að nokkur leyti nálægt afgreiðslu nefndarmanna á málinu, þó viðkomandi starfsmaður sé varamaður í nefndinni í öðrum málum hennar.

Að þessu sögðu verður að vísa máli M frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, á grundvelli b.liðar 4. gr. núgildandi samþykktar fyrir nefndina, þar sem ekki liggur fyrir samþykki V um að fjallað sé um ágreining um bótafjárhæðir vegna váttryggingaratburðar 4. október 2021. Nefndin getur ekki vikið til hliðar ákvæðum í samþykktum sínum og ekki eru efni til að túlka ákvæði 22. gr. samþykktanna öðruvísi þrátt fyrir misvísandi tilvísun V í tölvupóstsamskiptum sínum við M.

#### **Niðurstaða.**

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir